



## Öryrkjabandalag Íslands

Hátúni 10, 105 Reykjavík  
Sími: 552 6700, Fax: 562 2516

Félagsmálanefnd Alþingis,  
b/t Nefndasviðs Alþingis,  
Pórshamri.

Alþingi  
Erindi nr. P 122/1767  
komudagur 8.4.1998

Reykjavík, 6. apríl 1998

Öryrkjabandalag Íslands hefur þegar sent félagsmálanefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um húsnæðismál, þar sem meginefni var að óska frestunar á málinu svo ráðrúm gæfist til vandlegrar yfirferðar og athugunar allra þátta.

Ef svo færi nú móti von okkar að málið fengi afgreiðslu nú telur Öryrkjabandalagið óhjákvæmilegt að koma á framfæri viðbótarathugasemd.

Þessi athugasemd varðar mjög þýðingarmikið mál fyrir alla þá sem búa við þá fötlun sem kalla á viðbótarkostnað við byggingu íbúðarhúsnæðis eða breytingar á eldra húsnæði.

Í núgildandi lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins eru tvær greinar þetta varðandi þ.e. um sérstaka lánamöguleika þeim til handa.

Þetta eru greinar 2.3 og 2.4 með yfirskriftinni: Sérstök lán til einstaklinga með sérþarfir.

Þessi lánaflokkur hefur reynst hreyfihömluðum dýrmætur í árána rás og gert mörgum kleift að búa við sem eðlilegastar aðstæður húsnæðislega.

Miðað við frumvarpið nú sér þessarar fyrirgreiðslu hvergi stað utan möguleika í 16. gr. frv. um heimild til að stofna til nýrra lánaflokka og í athugasemd er einn slíkra mögulegra lánaflokka tilgreindur "til einstaklinga með sérþarfir". Allsendis óvíst er því skv. þessu hvort slíkur lánaflokkur verður il í framtíðinni.

Öryrkjabandalag Íslands leggur mikla áherslu á það að áfram verði þessi möguleiki á sérstökum lánnum til einstaklinga með sérþarfir tryggður með beinni lagatiltvitnun s.s. verið hefur í meira en tvo áratugi.

Annað væri alvarleg afturför fyrir þetta fólk.

Virðingarfyllt,  
f. h. Öryrkjabandalags Íslands

Helgi Seljan  
félagsmálafulltrúi

Asgerður Ingimarsdóttir  
framkvæmdastjóri